

ÖNNUR TILSKIPUN RÁÐSINS

frá 22. júní 1988

um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum á sviði frumtrygginga, annarra en líftrygginga, um að greiða fyrir því að réttur til að stunda þjónustustarfsemi sé nýttur, og um breytingu á tilskipun 73/239/EBE**(88/357/EBE)**

RÁÐ EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu, einkum 2. mgr. 57. gr. og 66. gr. hans,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ⁽¹⁾,í samvinnu við Evrópuþingið ⁽²⁾,með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar ⁽³⁾,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

Nauðsynlegt er að byggja upp innri váttryggingarmarkað bandalagsins og til að ná því markmiði er æskilegt að auðvelda váttryggingarfyrirtækjum með aðalstöðvar innan bandalagsins að veita þjónustu í aðildarríkjunum og gera þannig váttryggingartökum kleift að leita bæði til váttryggjenda sem hafa starfsstöð í landi þeirra sjálfra og til váttryggjenda sem hafa aðalstöðvar sínar innan bandalagsins og starfsstöð í öðrum aðildarríkjunum.

Allt frá því er aðlögunartímanum lauk hefur öll mismunun hvað snertir rétt til að stunda þjónustustarfsemi, er byggist á því að fyrirtæki eigi ekki starfsstöð í aðildarríki þar sem þjónustan er veitt, verið bönnuð samkvæmt sáttmálanum, og bann þetta gildir um alla þjónustustarfsemi sem stunduð er frá starfsstöðvum innan bandalagsins, hvort sem um er að ræða aðalstöðvar fyrirtækis, umboð þess eða útibú.

⁽¹⁾ Stj.útd. EB nr. C 32, 12. 2. 1976, bls. 2.

⁽²⁾ Stj.útd. EB nr. C 36, 13. 12. 1978, bls. 14, Stj.útd. EB nr. C 167, 27. 6. 1988, og ákvörðun hinn 15. júní 1988 (hefur ekki enn verið birt í Stjórnartíðindum EB)

⁽³⁾ Stj.útd. EB nr. C 204, 30. 8. 1976, bls. 13.

Æskilegt er af framkvæmdarástæðum að þjónustustarfsemi sé skilgreind, og að bæði sé þar tekið mið af því hvar váttryggjandi á starfsstöð og hvar áhættan er, og því ber einnig að taka upp skilgreiningu á kringumstæðum áhættunnar en einnig er æskilegt að gera greinarmun á starfsemi sem stunduð er á grundvelli staðfesturéttar, og starfsemi sem stunduð er á grundvelli réttar til að stunda þjónustustarfsemi.

Æskilegt er að auka við efni fyrstu tilskipunar ráðsins, 73/239/EBE frá 24. júlí 1973, um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum til að hefja og reka starfsemi á sviði frumtrygginga annarra en líftrygginga, ⁽⁴⁾ sem hér á eftir er nefnd „fyrsta tilskipun“, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 87/344/EBE ⁽⁵⁾, meðal annars til að skýrgreina valdsvið og starfsheimildir eftirlitsyfirvalda, og einnig er æskilegt að setja sérstakar reglur um stofnun, rekstur og eftirlit með starfsemi sem efnt er til á grundvelli réttar til að stunda þjónustustarfsemi.

Váttryggingartökum sem vegna aðstöðu sinnar, umfangs starfseminnar eða eðlis þeirrar áhættu sem váttryggja skal gegn þarfnast ekki sérstakar verndar í því ríki þar sem hið váttryggða er, ber að veita fullt frelsi til að hagnýta sér sem stærstan váttryggingarmarkað og einnig er æskilegt að sjá til þess að aðrir váttryggingartakar njóti fullnægjandi verndar.

Það sjónarmið, að vernda beri váttryggingartaka og forðast alla samkeppnisröskun, réttlætir að tilslakanir á reglum fyrstu tilskipunar um aljöfnun eigna séu samræmdar.

⁽⁴⁾ Stj.útd. EB nr. L 228, 16. 8. 1973, bls. 3.

⁽⁵⁾ Stj.útd. EB nr. L 185, 4. 7. 1987, bls. 77.

Enn er fyrir hendi munur á lögum aðildarríkja um váttryggingasamninga, og í vissum tilvikum má heimila að löggjöf annars ríkis en þess þar sem áhættan er sé valin til að gilda um váttryggingasamning eftir reglum sem taka mið af sérstökum aðstæðum.

Rétt er að fella lögboðnar váttryggingar undir gildissvið tilskipunar þessarar en krefjast þess um leið að samningar um slíkar váttryggingar séu í samræmi við þau sérákvæði sem sett hafa verið um þær af því aðildarríki sem lagði váttryggingarskylduna á.

Fyrirmæli fyrstu tilskipunar um yfirfærslu á váttryggingastofni ber að styrkja og fylla með reglum sem sérstaklega ná til þess þegar yfirfærður er til annars fyrirtækis stofn váttryggingasamninga sem gerðir eru á grundvelli réttar til að stunda þjónustustarfsemi.

Gera ber undantekningar um vissar tegundir áhættu hvað snertir þau ákvæði sem sérstaklega lúta að rétti til að stunda þjónustustarfsemi ef eðli þeirra og félagsleg áhrif valda því að þau eiga ekki við um þær tegundir áhættu á þessu stigi vegna þeirra sérreglna sem yfirvöld aðildarríkjanna hafa komið á. Jafnframt ber að endurskoða undantekningarnar eftir að tilskipun þessi hefur verið í gildi um ákveðinn tíma.

Til að vernda váttryggingartaka er rétt á núverandi stigi samræmingar að heimila aðildarríkjum að takmarka að starfsemi sé samtímis stunduð bæði á grundvelli réttar til að stunda þjónustustarfsemi og á grundvelli staðfesturéttar en slík takmörkun verður ekki gerð þegar váttryggingartakar óska ekki slíkrar verndar.

Gera ber rétt til að hefja og stunda þjónustustarfsemi háðan skilyrðum sem tryggja að váttryggingarfélag hlíti settum reglum um fjárhagslegar kröfur og váttryggingarskilmála en þó má draga úr vægi þeirra þegar starfsemi, stunduð á grundvelli réttar til að stunda þjónustustarfsemi, lýtur að váttryggingartökum sem vegna aðstöðu sinnar, umfangs starfsemi sinnar eða eðlis þeirrar áhættu sem váttryggja skal gegn þarfnast ekki sérstakrar verndar í því ríki þar sem hið váttryggða er.

Hvað réttinn til að stunda þjónustustarfsemi snertir er nauðsynlegt að koma á sérstakri samvinnu milli lögbærra eftirlitsyfirvalda í aðildarríkjum og á milli þeirra og framkvæmdastjórnar en einnig ber að kveða á um viðurlög sem beitt yrði ef fyrirtæki, sem þjónustu veitir, hlítir ekki fyrir-mælum þess aðildarríkis þar sem þjónustan er veitt.

Þar til frekari samræming hefur átt sér stað ber að setja tryggingarsjóð undir reglur og eftirlit þess aðildarríkis þar sem þjónusta er veitt ef þjónustan felur í sér áhættu sem það ríki vill vernda váttryggingartaka sérstaklega gegn. Ef

ekki er talið nauðsynlegt að veita váttryggingartökum slíka vernd er tryggingasjóður áfram háður reglum og eftirliti þess aðildarríkis þar sem váttryggjandi á starfsstöð.

Sum aðildarríki leggja enga óbeina skatta á váttryggingastarfsemi þótt meirihluti þeirra leggi á þau sérstaka skatta og gjöld í öðru formi, þar á meðal gjöld aukalega til sjóða er greiða bætur og skattar þessir og gjöld eru bæði að eðli og stærð verulega mismunandi í hinum ýmsu aðildarríkjum þar sem þau eru lögð á. Æskilegt er að komast hjá því að sá mismunur, sem fyrir hendi er, leiði til röskunar á samkeppni á sviði váttrygginga í aðildarríkjunum. Þar til frekari samræming hefur farið fram er sennilegt að með beitingu skatta og annarra gjalda samkvæmt lögum þeirra aðildarríkja þar sem áhættan er, megi bæta úr þessum ágalla, og það er aðildarríkjanna að koma á tilhögun sem tryggir að skattar þessir og gjöld innheimtist.

Æskilegt er að koma í veg fyrir að ósamræmi í framkvæmd tilskipunar þessarar og tilskipunar ráðsins 78/473/EBE frá 30. maí 1978 um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum um samtryggingar innan bandalagsins⁽¹⁾ leiði til þess að til verði þrjú mismunandi kerfi í hverju aðildarríki. Þau viðmið, sem höfð eru til skilgreiningar á hugtakinu „stóráhætta“ í tilskipun þessari, ætti því einnig að nota til skilgreiningar á áhættu sem sennilegt er að váttryggt verði gegn með samtryggingu innan bandalagsins.

Rétt er að taka til greina á þann hátt sem segir í 8. gr. c í sáttmálanum, hve umfangsmiklar þær breytingar eru sem gera þarf á ýmsum efnahagskerfum. Af þeim sökum er æskilegt að veita tilteknum aðildarríkjum færi á umþóttun til að koma smám saman á hinum sérstöku ákvæðum tilskipunar þessarar um rétt til að stunda þjónustustarfsemi.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

I. BÁLKUR

Almenn ákvæði

1. gr.

Tilgangur tilskipunar þessarar er:

- a) að koma til viðbótar fyrstu tilskipun, 73/239/EBE,
- b) að setja sérákvæði um frelsi váttryggingafyrirtækja til að veita þjónustu innan þeirra greinaflokka váttrygginga sem fyrsta tilskipun tekur til.

⁽¹⁾ Stjútíð. EB nr. L 151, 7. 6. 1978, bls. 25.

2. gr.

Í tilskipun þessari er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- a) „fyrsta tilskipun“: tilskipun 73/239/EBE,
- b) „fyrirtæki“:
- í I. og II. bálki:
hvert það fyrirtæki sem fengið hefur opinbert leyfi samkvæmt 6. eða 23. gr. fyrstu tilskipunar,
 - í III. og V. bálki:
hvert það fyrirtæki sem fengið hefur opinbert starfsleyfi samkvæmt 6. gr. fyrstu tilskipunar,
- c) „starfsstöð“:
aðalstöðvar, útibú eða umboð fyrirtækis, sbr. þó 3. gr.,
- d) „aðildarríkið þar sem áhættan er“:
- aðildarríkið þar sem eign er ef váttrygging lýtur annaðhvort að byggingum eða að byggingum og því sem í þeim er, að því marki sem sama váttryggingarskírteini tekur til hvors tveggja,
 - aðildarríkið þar sem ökutæki er skráð ef váttrygging lýtur að einhvers konar ökutæki,
 - aðildarríkið þar sem váttryggingartaki tók váttrygginguna ef váttrygging er til fjögurra mánaða eða skemmri tíma og tekur til ferðalaga eða áhættu í orlofi, í hvaða flokki sem hún er,
 - aðildarríkið þar sem váttryggingartaki hefur aðsetur að jafnaði eða, ef hann er löggaðili, aðildarríkið þar sem sú starfsstöð hans er sem váttryggingasamningur lýtur að, í öllum tilvikum sem ekki falla beinlínis undir áðurgreinda undirliði,
- e) „aðildarríkið þar sem fyrirtækið á starfsstöð“:
aðildarríkið þar sem starfsstöð þess er sem váttryggir áhættuna,
- f) „aðildarríkið þar sem þjónustan er veitt“:
aðildarríkið þar sem áhættan er, þegar váttryggjandi á starfsstöð í öðru aðildarríki.

3. gr.

Bæði í þessari og fyrstu tilskipun skal litið á sérhvert viðvarandi aðsetur fyrirtækis á yfirráðasvæði annars aðildarríkis sem jafngilt útibúi eða umboði þótt ekki sé það um að ræða formlegt útibú eða umboð, og þótt þar sé eingöngu um að ræða skrifstofu sem stjórnað er af eigin starfslíði fyrirtækis eða af óháðum aðila sem hefur fastákveðna heimild til að koma fram fyrir hönd fyrirtækisins með sama hætti og formlegt umboð hefði.

4. gr.

Samkvæmt þessari og fyrstu tilskipun mega almennir váttryggingarskilmálar og sérskilmálar ekki hafa að geyma sérákvæði sem sett eru vegna sérstakra aðstæðna í einstökum tilvikum í tengslum við þá áhættu sem váttryggt er gegn.

II. BÁLKUR

Viðbótarákvæði við fyrstu tilskipun

5. gr.

Við 5. gr. fyrstu tilskipunar bætist:

„d) „Stóráhætta“ merkir:

- i) áhættu sem felld er undir 4., 5., 6., 7., 11. og 12. flokk A-liðar viðaukans,
- ii) áhættu sem felld er undir 14. og 15. flokk A-liðar viðaukans, hafi váttryggingartaki verslun, iðnað eða sérfræðistörf að atvinnu, og áhættan tengist henni,
- iii) áhættu sem felld er undir 8., 9., 13. eða 16. flokk A-liðar viðaukans, að því marki sem farið er fram úr að minnsta kosti tveimur þriggja eftirfarandi skilyrða varðandi váttryggingartaka:

á fyrra tímabili fram til 31. desember 1992:

- niðurstöðutölur efnahagsreiknings nema 12,4 milljónum evrópskra mynteininga (ECU),
- hrein velta nemur 24 milljónum evrópskra mynteininga (ECU),
- meðalfjöldi starfsmanna á reikningsárinu nemur 500.

á síðara tímabili frá 1. janúar 1993:

- niðurstöðutölur efnahagsreiknings nema 6,2 milljónum evrópskra mynteininga (ECU),
- hrein velta nemur 12,8 milljónum evrópskra mynteininga (ECU),
- meðalfjöldi starfsmanna á reikningsárinu nemur 250.

Nú tilheyrir váttryggingartaki hópi fyrirtækja sem samstæðureikningur í skilningi tilskipunar 83/349/EBE ⁽¹⁾ er gerður fyrir, og skal þá byggt á samstæðureikningnum þegar ofangreindum viðmiðum er beitt.

Hvert aðildarríki getur bætt við lið iii áhættu sem starfsgreinasamtök, sameiginleg verkefni eða fyrirtæki sem tímabundið mynda hóp, váttryggja.“

⁽¹⁾ Stjútíð. EB nr. 193, 18. 7. 1983, bls. 1.

6. gr.

Við beitingu á fyrstu undirgrein 2. mgr. 15. gr. og 24. gr. fyrstu tilskipunar skulu aðildarríkin fara að viðauka 1 við þessa tilskipun að því er reglur um aljöfnun varðar.

7. gr.

1. Þegar tryggt er gegn áhættu í aðildarríki skulu eftirfarandi ákvæði segja til um hvaða lög um váttryggingasamninga, sem tilskipun þessi á við um, skuli gilda.

- a) Eigi váttryggingartaki fast aðsetur eða höfuðstöðvar í aðildarríkinu, þar sem áhættan er, gilda lög þess um váttryggingasamninginn. Ef lög þess aðildarríkis heimila það geta aðilar þó valið löggjöf annars lands.
- b) Eigi váttryggingartaki ekki fast aðsetur eða höfuðstöðvar í aðildarríkinu, þar sem áhættan er, geta aðilar váttryggingasamnings kosið að beita annaðhvort lögum þess aðildarríkis, þar sem áhættan er, eða lögum þess lands þar sem váttryggingartaki hefur fast aðsetur eða höfuðstöðvar sínar.
- c) Stundi váttryggingartaki verslun, iðnað eða sérfræðistörf og taki váttryggingasamningur til tvenns konar eða margs konar áhættu, sem starfsemina varðar, í mismunandi aðildarríkjum, nær heimild til að velja þá löggjöf, sem um váttryggingasamninginn skal gilda, einnig til löggjafar þeirra aðildarríkja og til þess lands þar sem váttryggingartaki hefur fast aðsetur eða höfuðstöðvar sínar.
- d) Þrátt fyrir það sem í b- og c-liðum segir, geta aðilar nýtt sér frekari valrétt um þá löggjöf sem um samninginn skuli gilda ef þau aðildarríki sem í þeim liðum segir, veita hann.
- e) Þegar váttryggt er gegn áhættu með samningnum sem takmarkast við atburði sem gerast í einhverju einu aðildarríki öðru en aðildarríkinu þar sem áhættan er, sbr. skilgreiningu d-liðar 2. gr., geta aðilar ávallt valið sér löggjöf hins fyrrgreinda ríkis, þrátt fyrir það sem í a-, b- og c-liðum segir.
- f) Hvað snertir áhættu þá sem í lið i í d-lið 5. gr. fyrstu tilskipunar segir, geta aðilar að samningnum valið sér hvaða löggjöf sem er.
- g) Hafi aðilar valið löggjöf í þeim tilvikum sem í a- og f-liðum segir, kemur það ekki, ef öll önnur ákvörðunatriði við þær aðstæður sem ríktu þegar valið fór fram áttu við um aðeins eitt aðildarríki, í veg fyrir að beitt sé ófrávíkjanlegum réttarreglum þess aðildarríkis, en með

því er átt við reglur sem mönnum er samkvæmt lögum þess óheimilt að víkja frá með samningi.

- h) Val samkvæmt undanfarandi liðum skal koma fram eða gefið til kynna í skilmálum samningsins eða eftir atvikum máls með hætti sem veitir þá vissu sem eðlilegt er að krefjast. Sé það ekki gert, eða ef val hefur ekki farið fram, gilda um samninginn lög þess ríkis af þeim sem til greina koma í undanfarandi staflíðum, sem hann tengist nánast. Sem undantekning mega þó lög annars lands gilda um hluta samnings sem frá honum verður skilinn ef sá hluti tengist öðrum löndum fremur einhverju sérstöku landi af þeim sem til greina koma í undanfarandi liðum. Litið skal svo á að samningur tengist mest því aðildarríki þar sem áhættan er uns sýnt er fram á annað.
- i) Nú er ríki myndað af mörgum landfræðilegum einingum sem hver hefur eigin réttarreglur um samningsskyldur, og skal þá líta á hverja þeirra með sama hætti og ríki, er ákvarða skal hvaða löggjöf á við samkvæmt tilskipun þessari.

Aðildarríki, sem myndað er af mörgum landfræðilegum einingum sem hver hefur eigin réttarreglur um samningsskyldur, er ekki skylt að beita ákvæðum tilskipunar þessarar um það er þær réttarreglur greinir á.

2. Ekkert í þessari grein setur hömlur á beitingu lagafyrirmæla um varnarþing þar sem þau eru bindandi, óháð þeim lögum, sem að öðru leyti gilda um samninginn.

Ef lög aðildarríkis mæla svo fyrir má beita ófrávíkjanlegum réttarreglum þess aðildarríkis þar sem áhættan er eða þess aðildarríkis sem leggur á váttryggingarskyldu, ef lög þeirra gera skylt að beita þeim reglum án tillits til þess hvaða lög eiga við um samninginn, og að því marki sem svo er.

Nú tekur samningur til áhættu í fleiri en einu aðildarríki, og skal þá við beitingu þessarar málsgreinar litið svo á að hann feli í sér fleiri en einn samning sem hver vísi aðeins til eins aðildarríkis.

3. Með fyrirvara um það sem segir í undanfarandi málsgreinum skulu aðildarríki beita um váttryggingasamninga samkvæmt tilskipun þessari almennum lagareglum á sviði alþjóðlegs einkamálaréttar um samningsgerð.

8. gr.

1. Váttryggingafyrirtæki geta, að uppfylltum þeim skilyrðum sem sett eru í grein þessari, boðið fram og gert samninga um lögboðnar váttryggingar samkvæmt reglum þessarar tilskipunar sem og fyrstu tilskipunar.

2. Nú leggur aðildarríki á þá lagaskyldu að kaupa váttryggingu, og telst váttryggingasamningur þá ekki fullnægja henni nema hann samræmist sérreglum þeim sem aðildarríkið hefur sett um þá váttryggingu.

3. Nú er váttrygging lögbundin og lög þess aðildarríkis, þar sem áhættan er, og lög þess aðildarríkis, sem leggur á váttryggingarskylduna, greinir á, og skulu þá hin síðargreindu ráða.

4. a) Með fyrirvara um það, sem segir í b- og c-liðum í þessum málsgreinum, gildir þriðja undirgrein 2. mgr. 7. gr. þegar ábyrgð samkvæmt váttryggingu er fyrir hendi í mörgum aðildarríkjum og að minnsta kosti eitt þeirra hefur lögboðið hana.

b) Aðildarríki sem gerir þá kröfu á birtingardegi tilskipunar þessarar að fyrirtæki sem starfrækt er á yfirráðasvæði þess fái almenna og sérstaka skilmála lögboðinnar váttryggingar sinnar staðfesta, getur þrátt fyrir ákvæði 9. og 18. gr. einnig krafist þess að skilmálar hvers þess fyrirtækis annars, sem býður slíka váttryggingu á yfirráðasvæði þess við þær aðstæður sem í 1. mgr. 12. gr. segir, séu staðfestir.

c) Þrátt fyrir ákvæði 7. gr. getur aðildarríki kveðið svo á að löggjöf þess ríkis, sem leggur á váttryggingarskyldu, skuli gilda um váttryggingasamninginn.

d) Þegar aðildarríki lögþýður að váttrygging skuli keypt og váttryggjanda er skylt að tilkynna lögþærum yfirvöldum um lok ábyrgðar, getur hann aðeins við þær aðstæður, sem kveðið er á um í lögum þess ríkis, borið lok ábyrgðar fyrir sig gagnvart þriðja manni sem tjón hefur beðið.

5. a) Hvert aðildarríki skal tilkynna framkvæmdastjórn gegn hvaða áhættu váttrygging sé lögboðin samkvæmt löggjöf þess, og tilgreina:

— þau ákvæði laga sem um þá váttryggingu fjalla,

— hvað taka skuli fram í vottorði því sem váttryggjandi skal láta váttryggðum í té ef ríkið krefst þess að sýnt sé fram á að váttryggingarskyldu hafi verið hlítt. Aðildarríki getur krafist þess að þar á meðal sé yfirlýsing váttryggjanda þess efnis að váttryggingasamningurinn sé í samræmi við þau ákvæði sem sérstaklega eiga við um þá váttryggingu.

b) Framkvæmdastjórnin skal birta þau atriði, sem í a-lið segir, í Stjórnartíðindum EB.

c) Aðildarríki skal taka gilt skjal þess efnis sem í öðrum undirlíð a- liðar segir sem sönnun þess að váttryggingarskyldu hafi verið fullnægt.

9. gr.

1. Eftirfarandi kemur í stað síðustu málsgreinar 9. gr. og síðustu undirgreinar 1. mgr. 11. gr. í fyrstu tilskipun:

„Upplýsinga þeirra um almenna og sérstaka váttryggingarskilmála og iðgjalddataxta, sem í a- og b-liðum segir, skal ekki krafist þegar um er að ræða áhættu sem í d-lið 5. gr. segir.“

2. Eftirfarandi kemur í stað 3. mgr. 8. gr. og 3. mgr. 10. gr. fyrstu tilskipunar:

„3. Samræming þessi kemur ekki í veg fyrir að aðildarríki geti haldið uppi og komið á lögum og stjórnsýslufyrirmælum um þá nauðsyn meðal annars að framkvæmdastjórar og stjórnarmenn búi yfir faglegri þekkingu um staðfestingu samþykktar, almennra og sérstakra váttryggingarskilmála, iðgjalddataxta og allra annarra gagna, sem nauðsynleg eru til að unnt sé að inna af hendi eðlilegt eftirlit.“

Hvað snertir þá áhættu sem í d-lið 5. gr. segir mega aðildarríki þó ekki setja reglur þar sem krafist er samþykkis við almennum og sérstökum váttryggingarskilmálum, iðgjaldatöxtum eða eyðublöðum og öðrum prentuðum skjölum sem fyrirtækið hyggst nota í skiptum sínum við váttryggingartaka, né að um slíkt sé tilkynnt kerfisbundið. Þau mega aðeins krefjast þess að tilkynnt sé með ókerfisbundnum hæti um skilmála þessa og skjöl til að ganga úr skugga um að farið sé að lögum og stjórnsýslufyrirmælum að því er þá áhættu varðar, og slík krafa má ekki fela í sér skilyrði fyrir því að fyrirtæki geti stundað starfsemi sína.

Hvað snertir þá áhættu sem í d-lið 5. gr. segir mega aðildarríki ekki halda í gildi eða innleiða reglur um að tilkynnt skuli fyrirfram um fyrirhugaðar iðgjaldahækkanir eða þær samþykktar fyrirfram nema það sé liður í almennu verðlagseftirliti.

Samræming þessi kemur heldur ekki í veg fyrir að aðildarríki megi gera fyrirtækjum sem sækja um eða fengið hafa starfsleyfi fyrir 18. flokk í A-lið viðaukans að sæta eftirliti með því hvort þau hafi nægu starfsliði og útbúnaði á að skipa, þar á meðal hvað snertir starfshæfi lækningaliðs og gæði útbúnaðar sem þeim er tiltækur til að standa við þær skuldbindingar sínar sem af þessum greinaflokki váttrygginga leiðir.“

10. gr.

Eftirfarandi bætist við 19. gr. fyrstu tilskipunar:

„3. Hvert aðildarríki skal gera allt það sem nauðsynlegt er til þess að veita yfirvöldum, sem falið er að hafa eftirlit með váttryggingafyrirtækjum, þær heimildir

og aðstöðu sem þörf er á til eftirlits með váttrygginga-fyrirtækjum er hafa starfsstöð á yfirráðasvæði þess, þar á meðal með starfsemi þeirra utan svæðisins, með þeim hætti sem segir í viðeigandi tilskipunum ráðsins, og til að sjá um að þær verði framkvæmdar.

Með heimildum þessum og aðstöðu skal eftirlitsyf-irvöldum einkum gert kleift að:

- grennslast nákvæmlega fyrir um stöðu fyrirtækis og alla starfsemi þess, meðal annars með því að:
 - safna upplýsingum eða krefjast afhendingar á skjölum um váttryggingastarfsemi,
 - gera skyndikannanir á staðnum hjá fyrirtæki,
- gera gagnvart fyrirtæki allar viðeigandi ráðstafanir sem nauðsynlegar eru til að tryggja að farið sé að þeim lögum og stjórnsýslufyrirmælum sem fyrirtæki ber að hlíta í starfsemi sinni í hverju aðildarríki, einkum um rekstraáætlun sína að því marki sem hún er ófrávíkjanleg og til að hindra eða fjarlægja öll frávik sem skaðað geta hagsmuni váttryggingartaka,
- sjá til þess að gerðar séu þær ráðstafanir, sem eftirlitsyf-irvöld krefjast, með fullnustuaðgerðum ef þörf krefur, og fyrir atbeina dómstóla þar sem við á.

Aðildarríki geta einnig veitt eftirlitsyf-irvöldum heimildir til að afla allra upplýsinga um váttryggingasamninga sem milliliðir hafa séð um.“

11. gr.

1. 21. gr. fyrstu tilskipunar er hér með felld úr gildi.
2. Með þeim skilyrðum sem sett eru í landslögum skal hvert aðildarríki veita fyrirtækjum, sem hafa starfsstöð á yfirráðasvæði þess leyfi til að yfirfæra stofn váttrygginga þeirra sem lúta að áhættu í því ríki að einhverju eða öllu leyti til viðtökuskrifstofu með aðsetur í sama aðildarríki, enda staðfesti eftirlitsyf-irvöld þess ríkis þar sem aðalstöðvar viðtakanda eru að gjaldþol viðtakandans sé fullnægjandi er tekið hefur verið tillit til yfirfærslunnar.
3. Með þeim skilyrðum sem sett eru í landslögum skal hvert aðildarríki veita fyrirtækjum sem hafa starfsstöð á yfirráðasvæði þess, leyfi til að yfirfæra váttryggingarstofn sem samningar samkvæmt 1. mgr. 12. gr. eiga við um að einhverju eða öllu leyti til viðtökuskrifstofu sem rekin er

í því aðildarríki þar sem þjónustan er veitt enda staðfesti eftirlitsyf-irvöld þess ríkis þar sem aðalstöðvar viðtakanda eru að gjaldþol viðtakandans sé fullnægjandi er tekið hefur verið tillit til yfirfærslunnar.

4. Með þeim skilyrðum sem sett eru í landslögum skal hvert aðildarríki veita fyrirtækjum, sem hafa starfsstöð á yfirráðasvæði þess, leyfi til að yfirfæra váttryggingarstofn, sem samningar samkvæmt 1. mgr. 12. gr. eiga við um að einhverju eða öllu leyti, til viðtökuskrifstofu sem rekin er í sama aðildarríki enda staðfesti eftirlitsyf-irvöld þess ríkis þar sem aðalstöðvar viðtakanda eru að gjaldþol viðtakandans sé fullnægjandi er tekið hefur verið tillit til yfirfærslunnar og hún uppfylli skilyrði 13.– 16. gr. í því aðildarríki þar sem þjónustan er veitt.

5. Í þeim tilvikum, sem í 3. og 4. mgr. segir, skulu eftirlitsyf-irvöld í því aðildarríki þar sem fyrirtækið er yfirfærir váttryggingarstofn sinn hefur starfstöð, heimila yfirfærsluna að fengnu samþykki eftirlitsyf-irvalda þess aðildarríkis þar sem þjónustan er veitt.

6. Nú heimilar aðildarríki, með þeim skilyrðum sem kveðið er á um í landslögum, að fyrirtæki, sem á starfsstöð á yfirráðasvæði þess, yfirfæri váttryggingarstofn sinn að einhverju leyti eða öllu til viðtökuskrifstofu sem rekin er í öðru aðildarríki en því þar sem þjónustan er veitt, og skal það þá sjá um að eftirtalin skilyrði séu uppfyllt:

- að eftirlitsyf-irvöld þess aðildarríkis þar sem aðal-skrifstofa viðtakanda er, staðfesti að gjaldþol viðtakandans sé fullnægjandi er tekið hefur verið tillit til yfirfærslunnar,
- að samþykki aðildarríkis þess, þar sem viðtökuskrifstofan er liggi fyrir,
- að viðtökuskrifstofan fullnægi skilyrðum 13.– 16. gr. í því aðildarríki þar sem þjónustan er veitt, að lög þess aðildarríkis heimili yfirfærsluna og að það ríki samþykki hana.

7. Yfirfærsla, sem heimiluð er samkvæmt grein þessari, skal kunngerð í aðildarríkinu þar sem áhættan er, á þann hátt sem mælt er fyrir um í landslögum þess. Hún öðlast sjálfkrafa gildi gagnvart váttryggingartökum, hinum váttryggðu og öllum þeim öðrum sem eiga rétt eða bera skyldu vegna þeirra váttryggingasamninga sem yfirfærðir hafa verið.

Ákvæði þetta hefur ekki áhrif á rétt aðildarríkja til að veita váttryggingartökum kost á að segja upp váttryggingasamningi innan ákveðins frests frá því er yfirfærsla fer fram.

III. BÁLKUR

Ákvæði sem sérstaklega varða rétt til að veita þjónustu

12. gr.

1. Ákvæði bálks þessa gilda þegar starfsstöð fyrirtækis í einu aðildarríki váttryggir fyrir áhættu í öðru aðildarríki, sbr. d-lið 2. gr., og telst þá hið síðargreinda, að því er þennan bálk varðar, vera aðildarríkið þar sem þjónustan er veitt.

2. Bálkur þessi gildir ekki um viðskipti, fyrirtæki eða stofnanir sem fyrsta tilskipun gildir ekki um, né um áhættu sem þær stofnanir reknar af ríkinu, sem í 4. gr. fyrstu tilskipunar segir, váttryggja.

Bálkur þessi gildir ekki um váttryggingasamninga um áhættu sem flokkuð er í eftirtalda flokka í A-lið viðauka með fyrstu tilskipun:

- nr. 1,
hvað vinnuslys varðar,
- nr. 10,
að ábyrgð farmflytjanda undanskilinni,
- nr. 12,
hvað snertir vélbáta og báta sem falla undir sömu reglur og gilda um vélknúin ökutæki í hlutaðeigandi aðildarríki á þeim tíma er tilskipun þessi er birt,
- nr. 13,
hvað snertir skaðabótaábyrgð á tjóni af völdum kjarnorku, og skaðsemisábyrgð á lyfjum,
- nr. 9 og 13,
hvað snertir skylduváttryggingu við verklegar framkvæmdir.

Ráðið skal endurskoða undanþágur þessar eigi síðar en hinn 1. júlí 1998.

3. Þar til sú samræming hefur farið fram, sem fjallað er um í c-lið 2. mgr. 7. gr. fyrstu tilskipunar, getur Sambandslýðveldið Þýskaland haldið í gildi banni sínu við því að rekin sé á yfirráðasvæði þess starfsemi á sviði sjúkruváttrygginga samhliða annarri váttryggingastarfsemi, í krafti réttar til að veita þjónustu.

13. gr.

Í löggjöf aðildarríkja skal kveðið á um það að fyrirtæki sem á starfsstöð innan aðildarríkis geti samkvæmt rétti til að veita þjónustu að minnsta kosti váttryggt gegn:

- stóráhættu, svo sem skilgreint er í d-lið 5. gr. fyrstu tilskipunar,

— annarri áhættu en þeirri sem skilgreind er í d-lið 5. gr. fyrstu tilskipunar og fellur undir flokka sem starfsstöð þess þar hefur ekki leyfi til að stunda starfsemi í.

14. gr.

Fyrirtæki sem hyggst veita þjónustu skal fyrst tilkynna það lögbærum yfirvöldum þess aðildarríkis þar sem aðalstöðvar þess eru, svo og þess aðildarríkis þar sem starfsstöð þess er, ef við á, og tilgreina aðildarríki það eða þau sem það hyggst veita þjónustu í, svo og gegn hvers konar áhættu það hyggst váttryggja.

Yfirvöldin geta krafist þess að fram séu lagðar þær upplýsingar eða skjöl sem fjallað er um í 9. og 11. gr. fyrstu tilskipunar.

15. gr.

1. Að teknu tilliti til ákvæða 16. gr. getur hvert aðildarríki þar sem fyrirtæki hyggst veita þjónustu sett það sem skilyrði að leyfi yfirvalda sé veitt og getur í því skyni krafist þess að fyrirtækið:

- a) leggi fram vottorð lögbærra yfirvalda þess aðildarríkis, þar sem aðalstöðvar fyrirtækisins eru, þess efnis að gjaldþol fyrirtækisins í starfsemi þess í heild sé ekki minna en lágmark það sem reiknað er samkvæmt 16. og 17. gr. fyrstu tilskipunar og að starfsleyfi samkvæmt 1. mgr. 7. gr. fyrstu tilskipunar veiti því rétt til að stunda starfsemi sína utan þess aðildarríkis þar sem það á starfsstöð,
- b) leggi fram vottorð lögbærra yfirvalda þess aðildarríkis, þar sem fyrirtækið á starfsstöð, um til hvaða greinaflokka váttrygginga starfsleyfi þess nær, og þar sem staðfest er að yfirvöldin séu því ekki andvíg að fyrirtækið veiti þjónustu,
- c) leggi fram rekstraráætlun þar sem eftirfarandi kemur fram:

- hvers konar áhættu fyrirtækið hyggst váttryggja gegn í því aðildarríki þar sem þjónustan er veitt,
- þeir almennu og sérstöku váttryggingarskilmálar sem það hefur í hyggju að nota þar,
- iðgjaldtaxtar, sem fyrirtækið hefur í hyggju að nota, fyrir hvern flokk starfseminnar,
- hver eyðublöð og önnur prentuð skjöl það ætlar sér að nota í viðskiptum sínum við váttryggingartaka, að því marki sem þess er einnig krafist af fyrirtækjum sem þar eiga starfsstöðvar.

2. Lögbær yfirvöld þess ríkis, þar sem þjónusta er veitt, geta krafist þess að upplýsingarnar, sem í c-lið 1. mgr. segir, séu veittar á opinberu tungumáli þess ríkis.

3. Lögbær yfirvöld þess ríkis, þar sem þjónusta er veitt, hafa sex mánaða frest, frá því er þau veita viðtöku skjölum þeim sem í 1. mgr. segir, til að veita starfsleyfi eða synja um það, á grundvelli þess að einstök atriði í rekstraráætlun þeirri, sem fram hefur verið lögð af hálfu fyrirtækis, séu eða séu ekki í samræmi við þau lög og stjórnsýslufyrirmæli sem gilda í því ríki.

4. Hafi lögbær yfirvöld þess ríkis þar sem þjónustan er veitt ekki tilkynnt um ákvörðun sína áður en þeim fresti lýkur sem í 3. mgr. segir skal lítið svo á að leyfis hafi verið synjað.

5. Ákvörðun um synjun leyfis eða synjun um að gefa út vottorð samkvæmt a- eða b-lið 1. mgr. skal fylgja ótvíræður rökstuðningur, og skal hún tilkynnt því fyrirtæki sem í hlut á.

6. Aðildarríki skulu koma á rétti til málssóknar fyrir dómi vegna synjunar á starfsleyfi og synjunar á að gefa út vottorð það sem í a- eða b-lið 1. mgr. segir.

16. gr.

1. Nú hyggst fyrirtæki veita þjónustu og váttryggja í aðildarríki gegn áhættu þeirri sem í d-lið 5. gr. fyrstu tilskipunar segir, og skal aðildarríkið þá krefjast þess af fyrirtækinu að það:

- leggi fram vottorð, útgefið af lögbærum yfirvöldum þess aðildarríkis þar sem aðalstöðvar fyrirtækisins eru, þess efnis að gjaldþol fyrirtækisins í starfsemi þess í heild sé ekki minna en lágmark það sem reiknað er samkvæmt 16. og 17. gr. fyrstu tilskipunar og að starfsleyfi samkvæmt 1. mgr. 7. gr. fyrstu tilskipunar veiti því rétt til að stunda starfsemi sína utan þess aðildarríkis sem það á starfsstöð,
- leggi fram vottorð, útgefið af lögbærum yfirvöldum aðildarríkisins þar sem fyrirtækið á starfsstöð, um til hvaða greinaflokka váttrygginga starfsréttur þess nær og þar sem staðfest er að þau séu því ekki andvíg að það veiti þjónustu,
- tilgreini gegn hvaða tegundum áhættu það hyggst váttryggja í því aðildarríki þar sem þjónustan er veitt.

2. Aðildarríki skulu koma á rétti til málssóknar fyrir dómi vegna synjunar á að gefa út vottorð það sem í a- eða b-lið 1. mgr. segir.

3. Fyrirtæki má hefja starfsemi sína þegar staðfest hefur verið að yfirvöld þess aðildarríkis, þar sem þjónustan er veitt, hafi fengið í hendur skjöl þau sem í 1. mgr. segir.

4. Grein þessi gildir einnig í þeim tilvikum þegar fyrirtæki hyggst veita þjónustu í aðildarríki með váttryggingum gegn annarri áhættu en þeirri sem í d-lið 5. gr. fyrstu tilskipunar segir og aðildarríkið setur ekki starfsleyfisveitingu yfirvalda sem skilyrði þess að það megi stunda starfsemi.

17. gr.

1. Ef fyrirtæki, sem í 14. gr. segir, vill breyta upplýsingum samkvæmt c-lið 1. mgr. 15. gr. eða c-lið 1. mgr. 16. gr., skal það leggja breytingarnar fyrir lögbær yfirvöld þess ríkis þar sem þjónustan er veitt. Breytingarnar öðlast gildi samkvæmt reglum 3. mgr. 15. gr. eða 3. mgr. 16. gr. hvort sem við á.

2. Ef fyrirtæki, sem í 14. gr. segir, hyggst færa starfsemi sína út til váttrygginga gegn annarri áhættu en þeirri sem í d-lið 5. gr. fyrstu tilskipunar segir, skal það fara að reglum 14. og 15. gr.

3. Ef fyrirtæki sem í 14. gr. segir hyggst færa starfsemi sína út til váttrygginga gegn áhættu þeirri sem í d-lið 5. gr. fyrstu tilskipunar segir, skal það fara að reglum 14. og 16. gr.

18. gr.

1. Samræming þessi kemur ekki í veg fyrir að aðildarríki geti komið á og haldið uppi lögum og stjórnsýslufyrirmælum sem meðal annars lúta að samþykki við almennum eða sérstökum váttryggingarskilmálum, eyðublöðum eða öðrum prentuðum skjölum til notkunar í viðskiptum við váttryggingartaka, eða iðgjaldatöxtum eða öðrum gögnum sem nauðsynleg eru til að eðlilegu eftirliti sé haldið uppi, ef reglur þess aðildarríkis, þar sem fyrirtæki á starfsstöð, veita ekki nægilega vernd, og kröfur þess ríkis, þar sem þjónustan er veitt, ganga ekki lengra en nauðsynlegt er til þess.

2. Hvað snertir þá áhættu sem í d-lið 5. gr. fyrstu tilskipunar segir, mega aðildarríki þó ekki setja reglur þar sem krafist er samþykkis við almennum og sérstökum váttryggingarskilmálum, iðgjaldatöxtum eða eyðublöðum og öðrum prentuðum skjölum sem fyrirtækið hyggst nota í skiptum sínum við váttryggingartaka, né að um slíkt sé tilkynnt reglulega. Þau mega aðeins krefjast þess að tilkynnt sé með ókerfisbundnum hætti um skilmála þessa og skjöl til að ganga megi úr skugga um að farið sé að lögum og stjórnsýslufyrirmælum að því er þá áhættu varðar þótt ekki megi gera slíka kröfu að skilyrði fyrir því að fyrirtæki geti stundað starfsemi sína.

3. Hvað snertir þá áhættu sem í d-lið 5. gr. fyrstu tilskipunar segir mega aðildarríki ekki halda í gildi eða innleiða reglur um fyrirframtilkynningu eða samþykki við fyrirhuguðum iðgjaldahækkunum nema þær séu liður í almennu verðlagseftirliti.

19. gr.

1. Fyrirtæki sem veitir þjónustu skal leggja öll skjöl, sem krafist er til framkvæmdar greinar þessarar, fyrir lögbær yfirvöld þess ríkis þar sem þjónustan er veitt, enda sé hins

sama krafist af fyrirtækjum sem þar hafa starfsstöð.

2. Nú komast lögbær yfirvöld aðildarríkis að því að fyrirtæki, sem þar veitir þjónustu, fer ekki að þeim lagareglum sem um það gilda í því ríki, og skulu þau þá krefjast þess af fyrirtækinu að hinu ólögmeta ástandi verði aflétt.

3. Nú sinnir fyrirtækið ekki kröfum þeim sem í 2. mgr. segir, og skulu þá lögbær yfirvöld þess ríkis, þar sem þjónustan er veitt, tilkynna það lögbærum yfirvöldum þess ríkis þar sem fyrirtækið á starfsstöð. Yfirvöld þess ríkis skulu gera allar viðeigandi ráðstafanir til þess að fyrirtækið aflétti hinu ólögmeta ástandi. Skýra skal yfirvöldum þess aðildarríkis, þar sem þjónustan er veitt, frá því hvers eðlis þær ráðstafanir eru.

Lögbær yfirvöld þess aðildarríkis, þar sem þjónustan er veitt, geta einnig leitað til lögbærra yfirvalda þar sem aðalstöðvar fyrirtækisins eru ef þjónusta er veitt frá umboðsskrifstofu eða útibúi.

4. Nú heldur fyrirtæki áfram að brjóta gegn lagareglum sem í gildi eru í því aðildarríki þar sem þjónustan er veitt, þrátt fyrir áðurnefndar ráðstafanir af hálfu þess aðildarríkis þar sem fyrirtæki á starfsstöð, eða vegna þess að ráðstafanirnar eru ónógar eða hafa ekki verið gerðar, og geta þá yfirvöld hins fyrrgreinda ríkis, er þau hafa skýrt eftirlitsyfirvöldum ríkisins, þar sem fyrirtækið á starfsstöð, frá því, gert viðeigandi ráðstafanir að því marki sem er algerlega óhjákvæmilegt til að koma í veg fyrir frekari brot, og þar á meðal komið í veg fyrir að fyrirtækið geri fleiri váttryggingasamninga í því ríki á grundvelli réttar síns til að stunda þjónustustarfsemi. Sé um að ræða áhættu aðra en þá sem í d-lið 5. gr. fyrstu tilskipunar segir, skal meðal ráðstafananna vera svipting starfsleyfis samkvæmt 15. gr. Skulu aðildarríki sjá til þess að í hverju þeirra sé unnt að birta tilkynningar þær sem nauðsynlegar eru vegna ráðstafana þessara.

5. Ákvæði þessi hafa ekki áhrif á rétt aðildarríkis til að refsa fyrir brot framín á yfirráðasvæði þess.

6. Eigi fyrirtæki það, sem brotlegt hefur gerst, starfsstöð eða eignir í því aðildarríki, þar sem þjónusta er veitt, geta eftirlitsyfirvöld hins síðarnefnda beitt stjórnsluviðurlögum þeim sem landslög þeirra leggja við broti, er aðgerðum skal komið fram gagnvart þeirri starfsstöð eða þeim eignum sem um ræðir.

7. Allar ráðstafanir, sem gripið er til samkvæmt 2.– 6. mgr. og fela í sér viðurlög eða takmörkun á rétti til að veita þjónustu, skulu rökstuddar og tilkynntar því fyrirtæki sem í hlut á. Heimilt skal að skjóta öllum slíkum ráðstöfunum til dómstóla í því aðildarríki þar sem yfirvöld gripu til þeirra.

8. Hafi verið gripið til ráðstafana samkvæmt 20. gr. fyrstu tilskipunar skal yfirvald það sem gerði þær skýra lögbærum yfirvöldum þess aðildarríkis, þar sem þjónusta

er veitt, frá þeim, og hafi ráðstafanirnar verið gerðar samkvæmt 1. eða 3. mgr. þeirrar greinar skal það framkvæma allar nauðsynlegar aðgerðir til að vernda hagsmuni hinna váttryggðu.

Nú er starfsleyfi afturkallað á grundvelli 22. gr. fyrstu tilskipunar, og skal þá skýra viðkomandi yfirvöldum þess ríkis, þar sem þjónustan er veitt, frá því, og skulu þau gera viðeigandi ráðstafanir til að hindra að fyrirtæki það sem í hlut á haldi áfram gerð váttryggingasamninga á grundvelli réttar til að veita þjónustu á yfirráðasvæði þess ríkis.

9. Framkvæmdastjórn skal á tveggja ára fresti leggja fyrir ráðið skýrslu þar sem gerð er í samantekt grein fyrir hve oft og í hvers konar tilfellum tilkynnt hefur verið um synjun á starfsleyfi samkvæmt 15. gr., eða gripið til aðgerða samkvæmt 4. mgr., í hverju aðildarríki. Aðildarríki skulu aðstoða framkvæmdastjórn með því að láta henni í té þær upplýsingar sem þörf er á til skýrslugerðarinnar.

20. gr.

Nú er váttryggingafyrirtæki slitið, og skal þá gera upp skuldbindingar vegna samninga, sem gerðir hafa verið á grundvelli réttar til að veita þjónustu, á sama hátt og þær sem eiga rætur að rekja til annarra váttryggingasamninga fyrirtækisins, og án þess að greinarmunur sé gerður milli váttryggðra eða bótaþega á grundvelli þjódernis.

21. gr.

1. Nú er váttrygging boðin fram í krafti réttar til að veita þjónustu, og skal þá váttryggingartaka skýrt frá því, áður en stofnað hefur verið til nokkurra skuldbindinga, í hvaða aðildarríki þær aðalstöðvar, sú umboðsskrifstofa eða það útibú sé, sem samningurinn skuli gerður við.

Upplýsingar þær, sem í undanfarandi undirgrein segir, skulu koma fram í öllum skjölum sem gefin eru út til váttryggingartaka.

Kröfur tveggja undanfarandi undirgreina gilda ekki um áhættu þá sem í d-lið 5. gr. fyrstu tilskipunar segir.

2. Í samningi eða öðru skjali sem veitir váttryggingarvernd, svo og í váttryggingartilboði, ef það er bindandi fyrir tilboðsgjafa, skal tilgreina heimilisfang þeirrar váttryggingastarfsstöðvar sem verndina veitir og heimilisfang aðalskrifstofu hennar.

22. gr.

1. Hver starfsstöð skal skýra því yfirvaldi, sem hefur eftirlit með þeirri starfsemi hennar sem stunduð er á grundvelli réttar til að veita þjónustu, frá heildarupphæð þeirra iðgjalda

sem hún krefur viðskiptamenn um, áður en endurtryggingariðgjöld eru fráðregin, sundurliðaðri eftir aðildarríkjum og samandregnum greinaflokkum. Flokkum er skipt þannig:

- slysa- og sjúkkravátryggingar (1 og 2),
- brunavátryggingar og aðrar vátryggingar gegn eignatjóni (8 og 9),
- flug-, sjó- og flutningavátryggingar (3, 4, 5, 6, 7, 11 og 12),
- almennar ábyrgðarvátryggingar (13),
- greiðslu- og efndavátryggingar (14 og 15),
- aðrir flokkar (16, 17 og 18).

Eftirlitsyfirvald hvers aðildarríkis skal framsenda upplýsingar þessar eftirlitsyfirvöldum hvers aðildarríkis þar sem þjónusta er veitt.

2. Nú stundar starfsstöð í aðildarríki starfsemi á sviði sem tilgreint er í fyrstu undirgrein 1. mgr. og aflar með því iðgjaldtekna er alls nema hærrí fjárhæð en 2 500 000 evrópskum mynteiningum (ECU) án frádráttar á endurtryggingariðgjöldum og skal hún þá færa atriði þau, sem skráð eru í viðauka 2 A eða 2 B, sundurliðuð eftir samandregnum greinaflokkum vátrygginga í því ríki, í sérstakan rekstrarsreikning.

Afli allar starfsstöðvar fyrirtækis í aðildarríki samanlagðrar heildarfjárhæðar iðgjalda með starfsemi á því sviði sem tilgreint er í fyrstu undirgrein 1. mgr. sem, án þess að endurtryggingariðgjöld séu fráðregin nemur meiru en 2 500 000 ECU, getur eftirlitsyfirvald aðildarríkisins þar sem þjónustan er veitt þó óskað þess við eftirlitsyfirvald aðildarríkisins þar sem aðalstöðvar fyrirtækisins eru, að sérstakur rekstrarsreikningur sé eftirleidis færður um starfsemi þá sem fram fer í landi þess á vegum hvernar starfsstöðvar þess fyrirtækis.

Eftirlitsyfirvald þess ríkis þar sem fyrirtækið á starfsstöð skal að beiðni eftirlitsyfirvalds þess ríkis, þar sem þjónustan er veitt, framsenda því hinn sérstaka rekstrarsreikning sem fjallað er um í fyrstu og annarri undirgrein þessarar málsgreinar.

23. gr.

1. Þegar starfsemi á grundvelli þess að veita þjónustu er háð starfsleyfi í því aðildarríki þar sem þjónustan er veitt, skal upphæð tryggingasjóðs vegna þeirra samninga, sem um er að ræða, ákveðin undir eftirliti þess aðildarríkis samkvæmt reglum þess þar til frekari samræmingu hefur verið komið á, eða samkvæmt þeim venjum sem þar hafa myndast ef slíkar reglur eru ekki fyrir hendi. Það aðildarríki hefur einnig eftirlit með því, á þann hátt sem reglur þess eða venjur segja til um, að jafnverðmætar og samsvarandi eignir standi að baki sjóðnum og hvar þær eignir eru.

2. Í öllum öðrum tilfellum hefur aðildarríkið, þar sem fyrirtækið á starfsstöð, eftirlit með ákvörðun á upphæð tryggingasjóðs og því að jafnverðmætar og samsvarandi

eignir standi að baki honum, svo og hvar þær eignir eru, og fer í því efni að eigin reglum eða venjum.

3. Aðildarríkið þar sem fyrirtækið á starfsstöð skal sjá til þess að tryggingarsjóður vegna allra vátryggingasamninga, sem fyrirtækið gerir, sé nægur, og að jafnverðmætar og samsvarandi eignir standi að baki honum.

4. Í þeim tilvikum sem fjallað er um í 1. mgr. skal aðildarríkið, þar sem fyrirtækið á starfsstöð, og aðildarríkið, þar sem þjónustan er veitt, skiptast á öllum nauðsynlegum upplýsingum til að þau geti sinnt skyldum sínum samkvæmt 1. og 3. mgr.

24. gr.

Þrátt fyrir það sem í tilskipun þessari segir, geta aðildarríki krafist þess að fyrirtæki, sem starfa á yfirráðasvæði þeirra á grundvelli réttar til að veita þjónustu, gerist aðilar að og taki þátt í sérhverri þeirri skipan sem ætlað er að tryggja bótagreiðslur vátryggingartökum og þriðja manni sem tjón hefur beðið með sömu kjörum og fyrirtæki sem þar hafa starfsstöð.

25. gr.

Með fyrirvara um þá samræmingu sem síðar kann að fara fram má einungis leggja á vátryggingasamninga, sem gerðir eru á grundvelli réttar til að veita þjónustu, þá óbeinu skatta og gjöld vegna aukatekna sem lögð eru á iðgjöld í því aðildarríki þar sem áhættan er, í skilningi d-liðar 2. gr., en á Spáni er þó einnig heimilt að leggja á lögmælt viðbótargjöld í þágu hins spánska „Consorcio de compensación de Seguros“ vegna þess hlutverks sem því er ætlað við bótagreiðslur í tengslum við tjón af völdum sérstakra atvika í því aðildarríki.

Þegar ákvæðum þessarar greinar er beitt og þrátt fyrir ákvæði í 1. undirl. d-liðar 2. gr., telst áhætta vegna lausafjár, sem staðsett er í byggingu á yfirráðasvæði aðildarríkis, til áhættu í því ríki nema um sé að ræða vöruflutninga í atvinnuskyni, jafnvel þótt byggingin og lausaféð sé ekki vátryggt á sama vátryggingarskírteini.

Val á þeirri löggjöf, sem við á um vátryggingasamninginn samkvæmt 7. gr., skal óháð hinni skattalegu tilhögun.

Með fyrirvara um þá samræmingu sem síðar kann að eiga sér stað, skal hvert aðildarríki beita gagnvart fyrirtækjum, sem veita þjónustu á yfirráðasvæði þess, reglum eigin löggjafar til að tryggja innheimtu óbeinna skatta og gjalda vegna aukatekna sem því ber samkvæmt fyrstu málsgrein.

26. gr.

1. Áhætta, sem vátryggja má gegn í samtryggingu innan bandalagsins í skilningi tilskipunar 78/473/EBE, er sú sem

skilgreind er í d-lið 5. gr. fyrstu tilskipunar.

2. Ákvæði tilskipunar þessarar um áhættu, sem skilgreind er í d-lið 5. gr. fyrstu tilskipunar, gilda um aðalváttryggjanda.

IV. BÁLKUR

Bráðabirgðaákvæði

27. gr.

1. Grikkland, Írland, Spánn og Portúgal geta fært sér í nyt eftirfarandi umþóttunartilhögun:

- i) Fram til 31. desember 1992 geta þau viðhaft um alla áhættu þá skipan sem gildir um aðra áhættu en þá sem tilgreind er í d-lið 5. gr. fyrstu tilskipunar.
- ii) Frá 1. janúar 1993 og til 31. desember 1994 gildir sú skipan, sem viðhöfð er um stóráhættu, um áhættu samkvæmt liðum i og ii í d-lið 5. gr. fyrstu tilskipunar, en hvað snertir áhættu samkvæmt lið iii í d-lið 5. gr. skulu ofangreind aðildarríki ákveða þau mörk sem um hana skulu gilda.

iii) *Fyrir Spán*

— Frá 1. janúar 1995 til 31. desember 1996 gilda mörk þau sem tilgreind eru í lið iii í d-lið 5. gr. fyrstu tilskipunar á fyrra tímabili.

— Frá 1. janúar 1997 gilda mörk síðara tímabils.

Fyrir Portúgal, Írland og Grikkland

— Frá 1. janúar 1995 til 31. desember 1998 gilda mörk þau sem tilgreind eru í lið iii í d-lið 5. gr. fyrstu tilskipunar á fyrra tímabili.

— Frá 1. janúar 1999 gilda mörk síðara tímabils.

Undantekning sú sem heimiluð er frá 1. janúar 1995 gildir einungis um samninga um áhættu samkvæmt 8., 9., 13. eða 16. flokki sem gerðir eru í einhverju einu þeirra aðildarríkja sem mega notfæra sér þessa umþóttunartilhögun.

2. Fram til 31. desember 1994 gildir 1. mgr. 26. gr. tilskipunar þessarar ekki um áhættu í þeim fjórum aðildarríkjum sem nefnd eru í þessari grein. Meðan á umþóttunartíma frá 1. janúar 1995 stendur, telst áhætta í þeim aðildarríkjum, sem skilgreind er í lið iii í d-lið 5. gr. í fyrstu tilskipun

og váttryggja má í samtryggingu innan bandalagsins í skilningi tilskipunar 78/473/EBE, vera sú áhætta sem fer fram úr mörkum tilgreindum í lið iii í 1. mgr. þessarar greinar.

V. BÁLKUR

Lokaákvæði

28. gr.

Framkvæmdastjórn og lögbær yfirvöld aðildarríkjanna skulu hafa nána samvinnu sín á milli til að auðvelda eftirlit með frumtryggingum innan bandalagsins.

Hvert aðildarríki skal skýra framkvæmdastjórn frá öllum verulegum vandkvæðum sem upp koma við framkvæmd þessarar tilskipunar, þar á meðal ef aðildarríki verður þess vart að óeðlilegur flutningur váttryggingarstofna eigi sér stað frá fyrirtækjum, og þeim í óhag, sem hafa starfsstöð á yfirráðasvæði þess og til útibúa og umboða, og þeim til hagsbóta, sem staðsett eru rétt handan landamæra þess.

Framkvæmdastjórn og lögbær yfirvöld þeirra aðildarríkja, sem í hlut eiga, skulu athuga slíkan vanda svo fljótt sem unnt er í þeim tilgangi að finna á honum viðeigandi lausn.

Framkvæmdastjórn skal leggja viðeigandi tillögur fyrir ráðið þegar þess er þörf.

29. gr.

Framkvæmdastjórn skal láta ráðinu í té reglulegar skýrslur, í fyrsta sinn hinn 1. júlí 1993, um þróun váttryggingarmarkaðarins við aðstæður þar sem réttur til að veita þjónustu er frjálfs.

30. gr.

Þegar evrópska gjaldmiðilseiningin ECU er tilgreind í tilskipun þessari skal miða við, frá 31. desember á hverju ári, skráð gengi í gjaldmiðli hvers aðildarríkis á seinasta degi næstliðins októbermánaðar þegar gengi allra gjaldmiðla innan bandalagsins gagnvart ECU lá fyrir.

2. gr. tilskipunar 76/580/EBE ⁽¹⁾ gildir aðeins um 3., 16. og 17. gr. fyrstu tilskipunar.

31. gr.

Ráðið skal á fimm ára fresti að tillögu framkvæmdastjórnar athuga og breyta, ef nauðsyn krefur, þeim fjárhæðum sem tilgreindar eru í gjaldmiðilseiningum (ECU) í tilskipun

⁽¹⁾ Stjútíð. EB nr. L 189, 13. 9. 1976, bls. 13.

Þessari, og hafa þar hliðsjón af breytingum á stöðu efnahags- og peningamála innan bandalagsins.

32. gr.

Aðildarríki skulu breyta ákvæðum landslaga sinna til samræmis við tilskipun þessa innan 18 mánaða frá birtingu hennar, og þegar tilkynna framkvæmdastjórn um það.

Ákvæði, sem breytt er samkvæmt þessari grein, skulu koma til framkvæmda innan 24 mánaða frá birtingu tilskipunarinnar.

33. gr.

Er tilskipun þessi hefur verið birt ⁽¹⁾, skulu aðildarríkin sjá til þess að textar helstu laga og stjórnslufyrirmæla, sem þau setja á sviði tilskipunar þessarar, séu sendir framkvæmdastjórn.

34. gr.

Viðaukarnir eru óaðskiljanlegur hluti tilskipunar þessarar.

35. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Lúxemborg 22. júní 1988.

Fyrir hönd ráðsins,

M. BANGEMANN

forseti.

⁽¹⁾ Tilskipunin var birt aðildarríkjunum hinn 30. júní 1988.

I. VIÐAUKI

REGLUR UM ALJÖFNUN

Ákveða skal samkvæmt eftirfarandi reglum í hvaða gjaldmiðli váttryggjandi skuli greiða bætur.

1. Sé tilgreint í samningi að váttryggingarvernd sé veitt í ákveðnum gjaldmiðli skal litið svo á að váttryggjanda beri að greiða bætur í þeim gjaldmiðli.
 2. Sé ekki tilgreint í samningi að váttryggingarvernd sé veitt í neinum ákveðnum gjaldmiðli skal litið svo á að váttryggjanda beri að greiða bætur í gjaldmiðli þess lands þar sem áhættan er. Þó getur váttryggjandi valið þann gjaldmiðil sem iðgjaldið er tilgreint í ef réttmætar ástæður eru fyrir slíku vali. Svo getur verið ef líklegt virðist á þeim tíma er samningur er gerður að bótakrafa verði greidd í sama gjaldmiðli og iðgjaldið fremur en í gjaldmiðli þess lands þar sem áhættan er.
 3. Aðildarríki getur heimilað váttryggjanda að byggja á því að sá gjaldmiðill sem váttryggingarvernd er veitt í verði annaðhvort sá sem hann mun nota samkvæmt fenginni reynslu eða, ef reynsla um það liggur ekki fyrir, í gjaldmiðli þess lands sem hann á staðfestu í:
 - þegar um er að ræða samninga um áhættu samkvæmt áhættuflokkum 4, 5, 6, 7, 11, 12 og 13 (aðeins ábyrgð framleiðanda), og
 - þegar um er að ræða áhættu samkvæmt öðrum áhættuflokkum, ef bætur eiga með hliðsjón af eðli áhættunnar að greiðast í öðrum gjaldmiðli en þeim sem eiga myndi við samkvæmt því sem að ofan greinir.
 4. Hafi váttryggjanda verið tilkynnt um tjón sem greiða ber í tilteknum gjaldmiðli öðrum en þeim sem leiða myndi af ofangreindum reglum skal váttryggjandi greiða bætur í þeim gjaldmiðli, og gildir það sérstaklega þegar bætur þær sem váttryggjandi skal greiða eru ákveðnar með dómi eða með samningi váttryggjanda og váttryggingartaka.
 5. Sé tjón metið í gjaldmiðli sem váttryggjanda er kunnugt um fyrirfram en er þó annar en sá sem eiga myndi við samkvæmt ofangreindum reglum, mega váttryggjendur líta svo á að þeim beri að greiða bætur í þeim gjaldmiðli.
 6. Aðildarríki geta leyft að ekki sé beitt reglum um aljöfnun eigna á móti tryggingarsjóði fyrirtækis ef ofangreindar reglur myndu leiða til þess að fyrirtæki, hvort sem um er að ræða aðalstöðvar eða útibú, verði til að fylgja aljöfnunarreglunni að eigna eignir í gjaldmiðli, sem nema ekki meiru en 7% af eignum þess í öðrum gjaldmiðlum.

Engu að síður,

 - a) ef um er að ræða eignir í grískum drökmum, írskum pundum eða portúgölskum escudos sem standa að baki tryggingasjóði, má upphæðin ekki fara fram úr
 - 1 milljón ECU meðan á umþóttunartíma til 31. desember 1992 stendur,
 - 2 milljónum ECU milli 1. janúar 1993 og 31. desember 1998.
 - b) ef um er að ræða eignir að baki tryggingasjóði í belgískum frönkum, Lúxemborgarfrönkum eða spænskum pesetum má upphæðin ekki fara fram úr 2 milljónum ECU á þeim umþóttunartíma sem endar 31. desember 1996.
- Þegar umþóttunartímum samkvæmt a- og b-liðum er lokið gilda hinar almennu reglur um ofangreinda gjaldmiðla, nema ráðið ákveði annað.
7. Aðildarríki geta ákveðið að krefjast þess ekki af fyrirtækjum, hvort sem um er að ræða aðalstöðvar eða útibú, að beitt sé aljöfnunarreglunni þegar greiða skal bætur í öðrum gjaldmiðli en gjaldmiðli einhvers aðildarríkis bandalagsins og fjárfestingar í þeim gjaldmiðli eru háðar takmörkunareglum, takmarkanir eru á yfirfærslu gjaldmiðilsins eða hann hentar af öðrum ástæðum ekki til að standa að baki tryggingasjóði.
 8. Aðildarríki geta leyft að allt að 20% af skuldbindingum fyrirtækis í einstökum gjaldmiðlum verði ekki mætt með aljöfnun eigna, hvort sem um er að ræða aðalstöðvar eða útibú.

Heildareign í öllum gjaldmiðlum samanlögðum verður þó að minnsta kosti að samsvara heildarskuldbindingum í öllum gjaldmiðlum samanlögðum.
 9. Hvert aðildarríki getur mælt svo fyrir að þegar eignir sem tilgreindar eru í gjaldmiðli aðildarríkis eiga samkvæmt ofangreindum reglum að standa að baki skuldbindingu skuli þeirri kröfu einnig talið fullnægt þegar allt að 50% eignanna eru tilgreindar í ECU.

*VIÐAUKI 2 A***REIKNINGUR YFIR VÁTRYGGINGARREKSTUR**

1. Heildariðgjöld ársins
 2. Heildartjón
 3. Kostnaður vegna umboðslauna
 4. Heildarniðurstaða af vátryggingarrekstri.
-

*VIÐAUKI 2 B***REIKNINGUR YFIR VÁTRYGGINGARREKSTUR**

1. Heildariðgjöld vegna seinasta reikningsárs
 2. Heildartjón á síðasta reikningsári ásamt bótasjóði í lok reikningsárs
 3. Kostnaður vegna umboðslauna
 4. Heildarniðurstaða af vátryggingarrekstri.
-